



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

# **Gagnrýni er bylting**

*Adorno og hinn neikvæði sannleikur heimspekinnar*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Kristján Guðjónsson**

**September 2011**

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Heimspeki**

# **Gagnrýni er bylting**

*Adorno og hinn neikvæði sannleikur heimspekinnar*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Kristján Guðjónsson**

**Kt.: 1201872529**

**Leiðbeinandi: Björn Þorsteinsson**

**September 2011**

## Útdráttur

Bitur raunveruleiki seinni heimsstyrjaldarinnar sýndi, samkvæmt þýska heimspekingnum Theodor W. Adorno, hversu langt frá upprunalegu hlutverki sínu skynsemin hafði þróast. Þekkingarþorsti og skynsemishugsun höfðu verið helstu vopnin í krossferð upplýsingarinnar gegn bábiljum goðsagnanna – afgangur sem stefndi að frjálsara og mannúðlegra samfélagi. En vísindaleg hugsun upplýsingarinnar, sem miðaði að nýtingu náttúrunnar, gerði það að verkum að skynsemin hvarf frá neikvæðu hlutverki sínu yfir í það að vera formlegt tæki. Þegar skynsemin varð einungis að leið að markmiði hætti hún að gagnrýna og studdi möglunarlaust við ríkjandi ástandi. Þvert á spár Marx nægðu innri mótsagnir samfélagsins því ekki til að blása byltingaranda í brjóst þeirrar stéttar sem ætlað var að umturna kerfinu. Dialektísk þróun sögunnar virtist hafa frosið í kapítalísku samfélagi nútímans.

Ásamt kæfingu gagnrýnanna lista í menningariðnaðinum og bælingu frjálsrar kynhegðunar reyndist hið þvingaða val milli tveggja jafn íhaldssamra og kerfisbundinna heimspekikenna mikilvægt í úthýsingu gagnrýninnar. Grundvallarverufræði Martins Heidegger, sem virtist vera eina heimspekilega andspyrnan gegn framhyggju vísindanna, endaði í hugmyndafræðilegu þvaðri sem blindaði fólk fyrir, í stað þess að frelsa það undan, kúgun samfélagsins. Galla beggja kenninganna taldi Adorno liggja í ómeðvitaðri einingarhugsun sem vill mynda heild úr hlutveru og sjálfsveru, með sameiningu eða smættun annarrar verunnar niður í hina. Þegar díalektíkin hverfur missir heimspekin sjónar á grundvallarmismun hugtaks og merkingar þess. Adorno taldi að merkingin sem liggur að baki hugtaksins verði aðeins skynjuð neikvætt, þegar yfirlýst eining hugtaks og hlutar er gagnrýnd. Slík gagnrýnin fræði eiga ekki að gera tilraun til að setja fram endanlegar lausnir, heldur sýna sannleikann neikvætt með neikvæðri díalektískri gagnrýni á ósannindi annarra texta. Adorno áleit þess konar gagnrýni vera einu leiðina til að stuðla að breyttri samfélagsvitund og brjóta niður þá hugmyndafræðilegu múra sem byrgja mönnum sýn á kúgunina sem á sér stað í samfélaginu. Þannig áleit hann gagnrýnin fræðistörf vera einu raunverulega byltingarsinnuðu iðju dagsins í dag.

## **Abstract**

For Theodor W. Adorno the bitter reality of the Second World War had showed how far away from its original role rationality had drifted. By means of knowledge and reason the Enlightenment had set out to eliminate the ignorance of mythical thinking and head towards a more free and humane society. But in its attempt to dominate nature scientific thinking came to value rationality solely as a formal tool, while neglecting its critical nature. Without negativity reason simply became a means to an end, an ever positive affirmaitaion of the status quo. Thus, contrary to Marx's doctrine, the inner contradictions of the capitalist system did not suffice to make the working class revolutionary. The dialectics of history had been frozen in capitalist modernity.

In addition to the suppression of art's critical nature through the culture industry and the castration of free sexual behaviour, the choice between two, equally conservative, systematic philosophical worlviews, played a major role in rendering critical thinking impotent. Martin Heidegger's fundamental ontology appeared to be the only philosophical opposition to positivism, but proved to be an ideological jargon that concealed, rather than revealed, our possibilites of objective freedom. Adorno criticizes both theories for their unconscious identity thinking that tries to forge an identity from the concepts of reflection, subject and object, either by reduction or unification. When we lose the dialectics of subject and object, we consequently lose sight of the crucial difference between concept and meaning. The meaning that transcends the concept can only be reached negatively, by a critique of the appearant identity of concept and object. Critical theory should not try to put forth some final solution, but rather show the truth negatively through a negative and dialectical critique of other texts. By means of such a critique it might be possible to tear down the ideological walls that prevent us from sensing our own oppression, thus paving the way for a different social consciousness. Therefore, Adorno considered critical theory to be the only revolutionary practice of modern society.

## Efnisyfirlit

<b>1. kafli: Inngangur</b>	<b>6</b>
<b>2. kafli: Upplýsingin – Hin nýja villimennska</b>	<b>9</b>
Upplýsing og goðsögn	9
Skynsemi og einingarhugsun	11
Endalok sögunnar	12
<b>3.kafli: Framhyggjan – Nýjasta tækni og raunvísindi</b>	<b>14</b>
Hrein skynsemi verður tæknileg	14
Drottun tækninnar	15
Sögulegt hugtak túlkað sem náttúrulegur hlutur	16
Skynsemin verður ómeðvituð	17
Tæknileg skynsemi verður kapítalismi	18
<b>4.kafli: Grundvallarverufræði – Heidegger og eiginleikavæðrið</b>	<b>20</b>
Verufræðileg þörf	20
Díalektík sjálfsveru og hlutveru hverfur	22
Eiginleiki	23
<b>5.kafli: Neikvæð díalektík – Adorno og gagnrýnin kenning</b>	<b>26</b>
Hugtak og hlutur	26
Fræði og framkvæmd	29
Gagnrýnin kenning	31
<b>6. kafli: Lokaorð – Gagnrýni er bylting</b>	<b>34</b>
<b>Heimildaskrá</b>	<b>36</b>

## 1. Inngangur

Sá söngur sem einkenndi upplýsingaröldina í huga þýska heimspekingsins Theodors W. Adorno var ekki óður Schillers til gleðinnar við laglínu úr níundu símfóníu Beethovens, heldur angistaróp gyðinga sem var varpað á eldinn eftir að hafa lifað af gasklefa nasista – við dúndrandi takt bandarískrar popptónlistar.<sup>1</sup> Upplýsingin hafði átt að losa heiminn við grimmdina og heimskuna sem var fylgífiskur trúarbragða og goðsagna fyrri tíma. Þekkingu og skynsemishugsun var stillt upp gegn villtri náttúrunni sem maðurinn þurfti að skilja með vísindum og hemja með tækni til að stuðla að frelsi sínu og almennri mannhyggju. En smám saman fóru tæknin og vísindin ekki einungis að drottna yfir náttúrunni heldur einnig manneskjunnar sjálfri. Einstaklingurinn var hlutgerður í kapítalísku skiptasamfélagi á meðan menningariðnaðurinn sljóvgaði hugsun og vísindin gerðu nánast út af við heimspekilega gagnrýni. Vísindin efuðust þó aldrei um eigið réttmæti eða grundvöll og töldu sig ekki þurfa að færa rök fyrir eigin yfirburðum. Hugmyndakerfi sem þrífst á slíkri kreddu viðurkennir ekki eigin takmarkanir og þarf því að innlima, eða gera marklaust sérhvert frávik sem með tilvist sinni myndi ógilda kerfið. Þannig áleit Adorno skynseminna hafi orðið að vísindalegri óskynsemi með fasískar hneigðir; upplýsinguna að gerræðislegri hjátrú. Það voru því ekki óskynsamlegar tilhneigingar eða handahófskenndar athafnir mannsins sem stýrðu vafasamri þróun samfélagsins á síðustu öldum „frá teygjubyssu til atómsprengju“,<sup>2</sup> heldur komst Adorno að þeirri mótsagnakenndu niðurstöðu að fræ óskynseminnar hafi búið í innsta eðli þeirrar skynsemishugsunar sem mennirnir trúðu á í blindni og upplýsingin átti að gera að raunveruleika. Í þessari ritgerð ætla ég að gera grein fyrir heimssýn Adornos og skoða af hverju hann áleit okkur sífellt þurfa að vera á varðbergi gagnvart því sem er kallað skynsemi, og hvernig tæknileg skynsemi tengist óhjákvæmilega valdaþrá og kúgun. Markmið ritgerðarinnar er fyrst og fremst að útlista heimspeki Adornos á sem skýrastan hátt. Í ritgerðinni reyni ég hvergi að gagnrýna kenningar Adornos – ekki vegna þess að ég taki gagnrýnislaust undir allar skoðanir hans, heldur einfaldlega vegna þess að ég taldi óraunhæft að ætla að skýra bæði og gagnrýna hinar margslungnu hugmyndir jafn ítarlega og verðleikar þeirra kalla á innan marka hefðbundinnar BA-ritgerðar.

1 Sjá Theodor W. Adorno, *Jargon of Authenticity*, ensk þýð. Knut Tarnowski og Frederic Will (New York og London: Routledge. 2003), bls. 18. Sjá einnig *Perennial Fashion – Jazz* hjá Theodor W. Adorno, *Prisms*, ensk þýð. Samuel Weber og Shierry Weber, (Cambridge: MIT Press, 1983).

2 Theodor W. Adorno, *Negative Dialectics*, ensk þýð. E.B.Ashton (New York: Continuum, 1983), bls. 320. Allar beinar tilvitnanir eru þýddar af höfundri ritgerðarinnar með dyggri aðstoð leiðbeinanda.

Í fyrsta kafla ritgerðarinnar skoða ég í fyrsta lagi hvernig Adorno túlkaði sögu upplýsingarinnar sem spratt upp úr heimi goðsagnarinnar, í öðru lagi eðli skynseminnar og í þriðja lagi hvernig díalektísk þróun sögunnar virðist hafa stöðvast í kapitalísku samfélagi nútímans. Í öðrum kafla skoða ég hvernig framhyggja (e. *positivism*) vísindanna gerði það að verkum að skynsemin hvarf frá gagnrýnu, þ.e. neikvæðu, hlutverki sínu yfir í eintóma staðfestingu á ríkjandi ástandi. Þetta viðhorf var gegnumgangandi í skrifum Adornos alla tíð, en var best skýrt í hinu áhrifamikla ritgerðasafni *Díalektík upplýsingarinnar (Díalektík der Aufklärung)* sem hann skrifaði ásamt Max Horkheimer, öðrum lykilmeðlim Frankfúrtarskólans.<sup>3</sup> Í þriðja kaflanum skoða ég hvernig grundvallarverufræði Martins Heidegger, sem virtist vera eina heimspekilega andspyrnan gegn framhyggjunni, endaði í hugmyndafræðilegu þvaðri sem blindaði fólk fyrir, í stað þess að frelsa það undan, kúgun samfélagsins. Í smáritinu *Eiginleikþvaðrið (Jargon der Eigentlichkeit)* sýnir Adorno hvernig verufræðin rennir stoðum undir ríkjandi félagslegt ástand ekki síður en framhyggjan. Í fjórða kaflanum mun ég svo reyna að sýna hvernig Adorno ætlaði heimspekinni að viðhalda díalektík sjálfsveru og hlutveru með því að beita neikvæðri díalektík og gagnrýnni kenningu. Þetta skýrir hann ítarlegast í höfuðriti sínu *Neikvæð díalektík (Negative Díalektík)*. Slík heimspeki átti ekki að gera tilraun til að setja fram endanlegar lausnir, heldur sýna sannleikann neikvætt með díalektískri gagnrýni á ósannindi annarra texta. Að lokum mun ég reyna að sýna hvernig Adorno áleit slíka gagnrýni vera einu leiðina til að stuðla að breyttri samfélagsvitund og brjóta niður þá hugmyndafræðilegu múra sem byrgja okkur sýn á kúgunina sem við verðum fyrir í samfélaginu. Þannig vonast ég til að sýna af hverju hann áleit gagnrýnin fræðistörf vera einu raunverulega byltingarsinnuðu iðju dagsins í dag.

Fæst af verkum Adornos eru auðveld aflestrar, og þrátt fyrir að ég hafi lagt upp með að gera hugmyndar hans skiljanlegar og skýrar, reyndist það oft hægara sagt en gert. Þetta stafar m.a. af því hversu kirfilega hugsun hans er staðsett innan hinnar tormeltu þýskru hughyggjuhefðar, en einnig af óbeit Adornos á rökgreiningu og hefðbundinni akademískri skiptingu í fræðigreinar. Hann stekkur á milli félagsfræði, sálgreiningar, málspeki og þekkingarfræði eins og ekkert sé, og kemur sér hjá því að skilgreina mikilvæg hugtök. Þetta gerir hann þó hvorki af yfirsjón né til að blekkja lesandann, heldur einmitt til þess að komast hjá hömlum sem felast í kerfisbundinni

---

3 Frankfúrtarskólinn vísar til hóps fræðimanna sem kom saman á millistríðsárunum í stofnunni Institut für Sozialforschung í Frankfúrt til að þróa kenningar Marx og tengja þær við samtímamann. Helstu forsprakkar skólans voru Adorno, Horkheimer og Herbert Marcuse. Sjá t.d. George Friedman, *The Political Philosophy of the Frankfurt School* (New York: Cornell University Press 1981).

heimspeki og algildri aðferðafræði. Það má því segja að hverri þeirri ritgerð sem reyni að útskýra kenningar Adornos sem eitt heildstætt kerfi, muni óhjákvæmilega mistakast og að vissu leyti gera honum bjarnargreiða. En til þess að halda hinni heimspekilegu samræðu gangandi og halda díalektíkinni lifandi þurfum við að reyna að túlka okkar eigin heimspekisögu og skilja hefð eigin hugsunar. Þessi ritgerð reynir því ekki að vera annað en tilraun til að einfalda sem allra minnst kenningu sem leggur sig fram við að einfalda raunveruleikann sem allra minnst. Þetta ber ávallt að hafa í huga við lestur hennar (og raunar allrar heimspeki).



## 2. Upplýsingin – hin skynsamlega villimennska

### Upplýsing og goðsögn

Upplýsingin, í hinum víðasta skilningi sem framför andans, hefur ávallt stefnt að því að frelsa menn undan ótta og gera þá sjálfstæða. En ljómi hinnar fullkomlega upplýstu jarðar er til merkis um sigur hörmunganna.<sup>4</sup>

Þrátt fyrir æ viðtækari vitneskju, nákvæmari þekkingu og háþróaðri tækni gerðu ómældar hörmungar tuttugustu aldar okkur það ljóst að samfélag manna er ekki orðið gott, né heldur virðist það stefna í átt að betri heimi. Það sem meira er, skynsemin, sem upplýsingin hefur haldið svo hátt á lofti, virðist einungis hafa gert villimannseðli manneskjunnar markvissara og skilvirkara. Mennirnir hafa nýtt frelsi sitt til að kúga aðra menn og rökvísina til að framkvæma ómanneskjulegar athafnir. Frelsið var því falskt og mannhyggjan ómannúðleg að mati Theodors W. Adorno og Max Horkheimer. Þeir voru vissir um að Auschwitz hafi ekki verið eitt óskynsamlegt tilvik í skynsömum heimi heldur þvert á móti rökrétt niðurstaða á skynsemi samfélagsins. Hins vegar virtist augljóst að slík skynsemi var raunverulega óskynsamleg. Ósamræmið milli heimspeki upplýsingarinnar – þess sem nútíminn kvaðst vera – og upplýsingarinnar sjálfrar – þess sem hann raunverulega var – reyndist geigvænlegt. Í *Dialektik Upplýsingarinnar* árið 1944 veltu Adorno og Horkheimer því fyrir sér hvernig svo hafi getað farið og áttu tilraunir til að svara þeirri spurningu eftir að vera rauði þráðurinn í verkum þeirra beggja upp frá því.

Adorno og Horkheimer stilltu upplýsingunni upp gegn hinni hefðbundnu andstæðu sinni, goðsögninni, en greindu óvænt sömu rót að báðum þessum heimssýnum: bæði skynsemin og hjátrúin spruttu úr valdabaráttu manns og náttúru.<sup>5</sup> Líkt og Nietzsche hafði greint viljann-til-valds sem helsta hreyfiafl heimsins, töldu þeir mannlegar gjörðir ávallt hafa stefnt að drottun; yfir náttúrunni, yfir eigin mannlegri náttúru og loks yfir öðrum manneskjum. Það er þó ekki eðlislæg valdaþrá sem knýr manninn til að reyna að öðlast slík völd, heldur fyrst og fremst sjálfsbjargarviðleitnin – vonin um að viðhalda eigin sjálfsveru. Grimmd náttúrunnar er óútreiknanleg og því stafar mannum stöðug hættu af henni. Hið óþekkt – í náttúrunni, í mannum sjálfum og öðrum manneskjum – veldur ótta hjá einstaklingi

---

4 Theodor W. Adorno og Max Horkheimer, *Dialectics of Enlightenment*, ensk þýð. John Cumming (London: Allen Lane, 1973), bls. 3.

5 Þess ber að geta, að kenningu Adornos og Horkheimers er ekki ætlað að vera sögulega rétt frásögn heldur frekar heimspekileg samfélagstúlkun á borð við sáttmála Rousseaus eða þrælakenningu Nietzsches.

vegna þess að honum gæti stafað ógn af því. Óttinn hvatti sjálfsveruna því til að reyna að skilja og ná völdum yfir hinu óþekkta í náttúrunni svo það kæmi henni ekki að óvörum.

Af þessum hvötum fóru mennirnir að búa til goðsagnir sem útskýrðu heiminn – yfirnáttúrulegar sögur sem útskýrðu gang og grimmd náttúrunnar. Í galdraathöfnum tókst sjálfsveran á við náttúruna með því að líkja eftir henni. Til þess að innlima æðri náttúru í mannlegar helgiathafnir var jarðlegt efni eða mannlegt látbragð notað sem tákni fyrir aðra hluti og öðlaðist þannig æðri mátt. Galdrabréðan sem töfralæknir stingur nálum sínum í var staðgengill fyrir fórnarlambið. Slík eftiröpun var þó ekki „tilraun til að afrita náttúruna heldur tilraun til að verða eins og náttúran til þess að bola burt ógnvaldinum“.<sup>6</sup> Tungumál goðsagnarinnar var að sama skapi staðgengill fyrir hlutina sem rætt var um, hugtakið var mynd af hlutum.

Með framþróun í vísindum og breyttri samfélagsgerð hættu goðsagnirnar að fullnægja óttaslegnum mannum. Heimspekingurinn Xenófanes benti á hvernig guðirnir voru lítið annað en spegilmynd mannsins sem hann varpaði sjálfur á hlutina fyrir utan sig. Niðurstaðan var að náttúran hefði ekki guðlegt eðli – allt var eins og það sýndist. Því drógu mennirnir þá ályktun að eina leiðin til að losna við óttann við hið óþekkta væri að öðlast þekkingu á, og þar með völd yfir, öllum heiminum. Þetta kölluðu hugsuðir Frankfúrtarskólans „upplýsinguna“ og áttu þá ekki einungis við – eins og hefð er fyrir – ákveðið sögulegt tímabil sem staðið hefur yfir frá 16. öldinni. Hugtakið notuðu þeir fyrst og fremst sem tilvísun til „margra tengdra fræðilegra og praktískra athafna sem kynntar voru til að afgyðja, afhelga eða draga niður til jarðar goðsagnakenndar, trúarlegar eða ævintýralegar túlkanir á heiminum“.<sup>7</sup> Nú átti ekki að skipta heiminum í hið yfirnáttúrulega og náttúrulega, heldur átti hann að mynda einingu. Slík viðleitni hefur verið til í langan tíma, „allt frá Parmenídesi til Russells“,<sup>8</sup> en á síðustu öldum hefur hún orðið að ríkjandi hugmynd í háskólum og gjörvöllu vestrænu samfélagi. Til að losna við alla þá þjáningu, óréttlæti og heimsku sem hafði viðgengist undir fáfróðu kennivaldi goðsagna og trúarbragða þurfti maðurinn að nota skynsemishugsun til skilja heiminn í kringum sig og læra að notfæra sér hlutina sem þar voru. Goðsagnirnar höfðu lítið á veröldina sem grimman stað og talið manninn þurfa að þóknast náttúrunni, á meðan upplýsingarmenn sáu heiminn sem góðan stað, svo lengi sem maðurinn gæti sigrast á náttúrunni. Myndmál goðsagnarinnar var til þess fallið að líkja eftir heiminum, en ekki til að nota hann. Þessi notkun tungumálsins varð

6 Simon Jarvis, *Adorno – A Critical Introduction* (New York: Polity Press, 1998), bls. 31.

7 Sama rit, bls. 1.

8 Adorno og Horkheimer, *Dialectics of Enlightenment*, bls. 8.

einungis eftir í listinni þegar tungumál vísindanna varð ríkjandi. Hugtök upplýsingarinnar voru hins vegar merkimiðar sem lagðir voru að jöfnu við hlutina og gerðu fólki mögulegt að ræða þá og öðlast þekkingu á þeim. Upplýsingin taldi að hinn skynsami maður myndi öðlast þekkingu á heiminum og gæti þannig drottnað yfir náttúrunni, sigrast á óttanum og skapað sér frjálst, mannúðlegt samfélag.

### Skynsemi og einingarhugsun

Virgni skynseminnar, í sínu hreinasta formi, felst í að sýna okkur möguleikann á öðrum veruleika en þeim sem er. Þannig fáum við færi á að veða og meta kosti okkar eigin heims, þ.e. að gagnrýna raunveruleikann. Einungis sjálfsvera getur ímyndað sér annan hlutveruleika en þann sem er raunin og með því opnað fyrir möguleikann á breytingum á núverandi heimi. Hið klassíska form díalektískar skynsemi sýnir sig í því að gegn upprunalegri *afstöðu* (e. *thesis*) er teflt *andstöðu* (e. *antithesis*), og með því að neita neituninni fæst *niðurstöða* (e. *synthesis*). Þríhyrningsformið getur svo haldið áfram ef niðurstöðan verður að nýrri afstöðu sem skynsemin gagnrýnir aftur með andstöðu, og svo koll af kolli. Platón hafði talið að þrátt fyrir að hægt væri að komast í snertingu við „hið góða“ væri ómögulegt að koma frummyndinni yfir í raunverulega þekkingu á jarðneskum hlutum, þ.e. þrátt fyrir að til sé hugsanleg æðsta niðurstöða skynseminnar er ómögulegt að gera hana að veruleika. Við getum nálgast hina endanlegu niðurstöðu en heimurinn verður aldrei fullkomlega skynsamlegur og hringrás díalektíkurinnar verður því alltaf að halda áfram.

Hegel áleit hins vegar slíka algilda skynsemi vera raunverulegan sögulegan möguleika, eða öllu heldur nauðsynlegan endapunkt sögunnar. Hlutveruleikinn mun fylgja hinu díalektíska módeli til enda: nálgast skynsemina smám saman þar til heimurinn endurspeglar anda (þý. *Geist*) hinnar skynsömu sjálfsveru fullkomlega og verður þar með frjáls. Samfélag sem er ekki komið á þennan endapunkt skynseminnar mun ávallt, vegna óþolandi mótsagna sinna, verða fyrir gagnrýni innan úr kerfinu sjálfu: viðsnúningur mun eiga sér stað og samfélagið þokast í átt að skynsamlegri skipan. Með díalektískri þróun getur samfélag manna smám saman komist að grundvallarlögmálum skynseminnar og framfylgt þeim í náttúrunni. Þannig tekst því að búa til einingu úr skynsemi sjálfsverunnar og heimi hlutanna, og komast þar með að endanlegri synþesu, hinni fullkomlega jákvæðu niðurstöðu. Slík sameining mismunandi verunda í einingu, leitin að endanlegri niðurstöðu, er reyndar ekki bara markmið díalektískrar skynsemishugsunar, heldur allrar hugsunar – hugsun er í eðli sínu einingarhugsun. Virkni hugtaka felst í að láta manninn sjá fyrir sér heild úr eðli og

yfirborði hlutar, þ.e. að safna mismunandi hlutum saman undir eitt algildi. Þar sem hugtökin eru nauðsynleg forsenda mannglegrar hugsunar er ljóst að hugsun byggir í sínu innsta eðli á tilraunum til að búa til einingu úr mismunandi hlutum. „Að hugsa er að mynda einingu.“<sup>9</sup>

Hin klassíska hegelska hugmynd segir að endapunktur rökhugsunarinnar sé jákvæð niðurstaða sem náist með neitun neitunarinnar. Þegar rökhugsunin hefur náð þessi takmarki sínu, einingu hugsunar og heims, hættir hún að gagnrýna sjálfa sig enda er gagnrýnin hugsun þá orðin ónauðsynleg. Um leið og innri mótsagnir samfélagsgerðarinnar eru hættar að neyða þegnana til byltinga hlýtur samfélagið því að vera komið á endapunkt, og orðið skynsamlegt. Það er trúin á þennan möguleika, og óumdeilanlega gagnsemi þess að stefna að samsemd heims og skynsemi, sem sameinaði alla upplýsingarmenn, frá Galileo til Marx og frá Kant til Le Corbusier.

### **Endalok sögunnar**

Marx hafði trú að því að kapítalisminn yrði á endanum, líkt og fyrri samfélagsform, eigin mótsögnum að bráð – að kúgun alþýðunnar myndi aukast þangað til hún sæi sér engan annan kost færan en að rísa upp og gera byltingu. Slíkt hafði hins vegar ekki gerst á alheimsvísu, santrúuðum marxistum til mikillar furðu. En þrátt fyrir að sagan virtist hafa stöðvast, leit ekki út fyrir að við værum komin að skynsamlegri niðurstöðu – til þess var óréttlæti og kúgun heimsins of augljós. Spurningarnar sem Adorno þurfti að spyrja voru því: ef nútíminn er svona óskynsamlegur, af hverju hefur kapítalisminn þá ekki hrunið undan eigin mótsögnum? Af hverju hefur byltingarstéttin ekki risið upp? Af hverju hefur díalektík sögunnar stöðvast?

En annar möguleiki var, og þótti á margan hátt ógnvænlegri niðurstaða, að skynseminni hafi tekist ætlunarverk sitt, við værum búin að mynda einingu skynsemi og heims, en sú eining væri einfaldlega ómanneskjuleg. Ef díalektíkin hefur stöðvast vegna þess að hún er kominn á sinn náttúrulega endapunkt er augljóst að svarið við spurningunum felst í skynseminni sjálfri. Adorno áleit því að fræ óskynseminnar hlyti að búa í innsta eðli þeirrar skynsemishugsunar sem mennirnir trúðu á í blindni og upplýsingin átti að gera að raunveruleika. Auschwitz hafði ekki verið einn óskynsamlegur viðburður í skynsömum heimi, heldur einmitt rökrétt birtingarmynd á þeirri eiginhagsmunastefnu, með notkun rökhugsunar sem hlutlauss tækis, sem var við lýði í öllu vestrænu samfélagi.

---

9 Adorno, *Negative Dialectics*, bls. 5.

Heimssýn nútímans, framhyggjan, hafði með endalausri jákvæðni skynsemi gert gagnrýna hugsun ómögulega. Skynsemin var hætt að gagnrýna, enda hafði hún orðið að tæknilegri aðferð við framleiðslu og tæki til að halda í félagslegan stöðugleika. Vegna efnahagslegra umbóta var alþýðan það mett að hin hlutlæga þjáning lá ekki í augum uppi og þökk sé hinni alltumlykjandi hugmyndafræði<sup>10</sup> var gagnrýnin hugsun að verða ómöguleg. Hugsanafrelsi var hverfandi því valmöguleikar einstaklings til annars konar lífs virtust engir. Þetta hafði gerst þegar listin var firrt gagnrýnu eðli sínu, frjáls kynhvöt mannsins var bæld og val hinnar hugsandi veru til túlkunar á heiminum stóð á milli tveggja jafn íhaldssamra heimspekikenna: hinnar ríkjandi framhyggju vísindanna og verufræði Heideggers. Sögulegt ástand hins upplýsta nútíma gæti þess vegna, þrátt fyrir galla sína, haldið sig frá innri gagnrýni. Þar með leit út fyrir að sagan væri orðin ófær um að velta sér enn einu sinni um sjálfa sig – væri frosin í einu andstyggilegu andartaki skynsamlegrar kúgunar og rökréttar grimmdar. Og það sem meira var, að öllu óbreyttu ætti þessi samfélagskipan að geta viðhaldið sjálfri sér inn í eilífðina.

---

10 „Hugmyndafræðin er mynd af ímynduðum tengslum einstaklinga við raunveruleg tilvistarskilyrði þeirra“ sjá Louis Althusser, „Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórnæki ríkisins (rannsóknarpunktur)“, *Af Marxismu*, ritstjórar Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson, íslensk þýð. Egill Arnarson (Reykjavík: Nýhil, 2009), bls. 206.

### 3. Framhyggjan – Nýjasta tækni og raunvísindi

#### Hrein skynsemi verður tæknileg

Óskynsamlegar dellutrúarskoðanir goðsagnanna urðu til vegna þess að hugsunin fékk að leika lausum hala – trúarleg vitrun eða viðtekin hefð var jafngild rökstuddri skoðun. Til þess að koma í veg fyrir að órökstuddar en hættulegar staðhæfingar væru teknar gildar töldu upplýsingarmenn nauðsynlegt að setja athafnasviði hreinnar skynsemi skýr, fyrirframgefin mörk. Í *Gagnrýni hreinnar skynsemi* (*Kritik der reinen Vernunft*) einskorðaði Immanuel Kant notkun skynseminnar við svið skynrænnar reynslu, við það sem hann kallaði fyrirbærin. Þannig var ekki lengur ásætlanlegt að færa rök fyrir tilvist yfirnáttúrulegra guðlegra afla eða siðalögmála, slíkt var álitid varða hlutina-í-sjálfum-sér sem voru handan mannlegs skilnings. Þrátt fyrir að Kant hafi ekki útilokað tilvist frumspekilegra efna leiddi óhjákvæmileg þögn hans til almennrar efahyggju um að nokkurt efni eða merking væri raunverulega handan hins skynjanlega heims. Hugmynd upplýsingarinnar um afhelgun náttúrunnar, áherslan á að þekkja allan efnisheiminn, byggði því á heimsmýnd sem áleit allan hinn náttúrulega mögulegt viðfang mannglegrar þekkingar. En á sama tíma glataði hver sá sem gat hvorki vísað í hreina skynræna upplifun né rökgreiningu skoðun sinni til stuðnings réttinum til að færa rök fyrir máli sínu. Ef hann taldi sig komast handan staðreyndanna var hann sakaður um skáldskap eða trúarkreddu; ímyndun eða frumspeki.

Til þess að kynnast efnisheiminum þurfum við að skilja hvernig fyrirbærin í honum haga sér. Reynsluvísindin, sem mæla og flokka skynjanleg fyrirbæri, eru því álitin best til þess fallin að auka skilning okkar á umheiminum. Ef hægt er að mæla hlut og spá fyrir um hegðun hans álíta reynsluvísindin sig hafa uppgötvað lögmál um eðlislæga hegðun samsvarandi hluta í heiminum. „Þessi þróun efasamrar afhelgunar er ekki aðeins fræðilegt ferli, heldur er hún fylgífiskur praktískari þróunar – umbreytingar náttúrunnar í auðsveipt efni.“<sup>11</sup> Því þegar vísindin geta reiknað út hegðun hlutar getur maðurinn farið að nýta sér hann til eigin ágóða. Þannig stefna vísindin leynt og ljóst að því að gera alla náttúruna nýtilega fyrir hagsmuni manneskjunnar. Í skynsemisviðhorfi upplýsingarinnar birtist því annað viðhorf til náttúrunnar heldur en í heimssýn goðsagnarinnar. Áður höfðu náttúrulegir hlutir haft sjálfstætt gildi óháð mannum, enda var hann bara einn hlutur á meðal hluta. Nú öðluðust efnislegir hlutir ekki gildi fyrir en þeir höfðu verið rannsakaðir og færðir í nyt af hálfu sjálfsverunnar. Gildi hvers

---

11 Jarvis, *Adorno*, bls. 27.

hlutar var dregið af mælanleika hans eftir lögmálum stærðfræðinnar.<sup>12</sup> Þannig var tilgangslausu efni gefinn tilgangur. Þar með er skynsemishugsunin sjálf orðin, fyrst og fremst, að tæki mannanna til að geta nýtt náttúruna í þágu eigin hagsmuna. Með skynsemina að vopni fylktu vígreifir mennirnir liði í átt að hinu endanlega markmiði upplýsingarinnar: drottun náttúrunnar.

### **Drottun tækninnar**

Sjálfsvera upplýsingarinnar situr í miðju heimsmyndarinnar og drottnar yfir hlutverum náttúrunnar. En í þessari yfirburðastöðu manneskjunnar er fall hennar einnig falið. Valdabarátta sjálfsverunnar við náttúruna á sér samsvörun í innri baráttu milli manna og stétta. Á sama tíma og manneskjan er sjálfsvera er hún einnig náttúruleg hlutvera og sem slík skal hún vera nýtt. Einstaklingurinn er virkjaður á vinnumarkaði þar sem vinnuafli hans gengur kaupum og sölum. Líkt og hvern annan hlut er reynt að reikna út hegðun hans út frá sálfræðilegum og samfélagslegum lögmálum. Félagsvísindin nota því aðferðir raunvísindanna til þess að reyna að skilja athafnir mannsins nákvæmlega.

En ólíkt öðrum efnislegum hlutum hegðar manneskjan sér líkast því að hún fylgi ákveðnum lögmálum þegar frelsi hennar hefur verið skert: þegar hún er neydd, af ytri áhrifavaldi, til að haga sér á ákveðinn hátt. Það hvernig menningariðnaðurinn mótar langanir fólks og kapítalisminn hampar skiptagildinu sem einu réttu leiðinni til að meta hluti, gerir það að verkum að hugsun nútímamanna verður einhæf og hegðun þeirra fyrirsjáanleg. Eftir því sem félagsmótunin eykst og frelsið til hegðunar jafnt sem hugsunar minnkar verður auðveldara að spá fyrir um hvernig manneskjan muni breyta og þeim mun betur telja auðblekkt félagsvísindin sig skilja samfélag manna. Þar með er sú átt sem samfélaginu er ýtt í slitin úr tengslum við söguna og álitin óbreytanlegur og eðlislægur hluti allra samfélaga manna. Kúgunaröfl samfélagsins, sem neyða einstaklingana í ákveðna átt, verða að „öðru eðli“ þeirra.

Tæknin, æðsta stig þeirrar vísindahyggju sem átti að veita mannum völd yfir náttúrunni, hefur náð markmiði sínu, en er um leið orðin sinn eigin herra, skeytingarlaus um einstakar sjálfsverur. Á meðan hlutgerð manneskjan er metin af samfélaginu fyrst og fremst út frá skiptagildi sínu, líkt og allir aðrir hlutir í kapítalísku samfélagi, og metin af vísindunum út frá mælanleika sínum, gegnir heimspekin því hlutverki að fullvissa hana um æðra mikilvægi hennar sem sjálfsveru. Einstaklingur

---

12 Adorno benti á hvernig hin ríkjandi hugmyndfræði kapítalismans vill gera skiptagildi hluta að æðsta og jafnvel eina gildi þeirra, líkt og vísindin vilja gera alla hluti mælanlega. Bæði hugmyndakerfin reyna að innlima alla þá hluti sem liggja utan þeirra eða að öðrum kosti gera þá tortryggilega og gagnslausa.

innan byltingarstéttinnar – sjálfsveran sem átti að ýta samfélaginu áfram – hafði því ekki einungis glatað stéttarvitund sinni, heldur, líkt og aðrir einstaklingar í nútímanum, tapað sjálfsvitund sinni – verið plataður til að haga sér eins og hlutur en telja sig sjálfsveru. Þegar allar hlutverur fylgja lögmálum náttúruvísindanna virðist frelsi hlutgerðrar sjálfsverunnar til að hafa áhrif á þennan heim og stöðu sína í honum smávægilegt.<sup>13</sup>

### **Sögulegt hugtak túlkað sem náttúrulegur hlutur**

Reynsluvísindin álíta staðreyndir hlutlægar, en láta gildisdóma og mat á staðreyndum tilheyra sjálfsverunni. Sjálfsveran er sögð skeikul og mat hennar persónubundið og handahófskennt. Vísindamaðurinn á því aðeins að vera hlutlaus áhorfandi sem mælir og flokkar efnislega hluti og les þannig úr þeim óbreytanleg lögmál um hegðun þeirra, en dæmir ekki eða leggur persónulegt mat á hlutina. Samviskusamur vísindamaður spyr aðeins „hvað?“ en aldrei „hvers vegna?“

Heimssýn vísindinna virðist vera hluthyggi (e. *objectivism*) þar sem hún telur okkur trú um að hlutirnir sem sjálfsveran skynjar, og þar með hugtökin sem hún notar yfir þá, séu fullkomlega gefnir án nokkurrar miðlunar í sjálfsverunni. Ein róttækasta mynd þessarar trúar felst í rökfræðilegri raunhyggju sem byggir á áhrifamiklum kenningum hins svokallaða Vínarhrings á millistríðsárunum.<sup>14</sup> Meðlimir hringsins töldu sanngildi sérhverrar merkingarbærrar staðhæfingar annaðhvort felast í rökfræðilegri uppbyggingu setningarinnar sjálfar, eða vera sannreynanlegt í hreinni reynslu.<sup>15</sup> Samkvæmt slíku viðhorfi á hver hlutur í raunheiminum sér fullkomna samsvörun í einstöku hugtaki eða orði og tungumálið er lítið annað en samansafn slíkra eininga sem tengjast og haga sér eftir röklegum lögmálum. Hugtök sjálfsverunnar eru þar með talin virka eins og útskiptanlegir merkimiðar sem hengdir eru á hlutina. Orðin eru lögð að jöfnu við hlutina sem þau eiga að vísa til.

Adorno taldi hins vegar ljóst að hugtökin væru að miklu leyti mótuð af sjálfsverunni. Hún velur ómeðvitað hvaða eiginleikar hlutverunnar eru hugsaðir og hverjir ekki. Því getur maður aldrei skoðað hlut á algjörlega fordómalausán hátt. Skynjunin tekur ekki hreint afrit af hlutnum-í-sjálfum-sér, heldur upplifir skynjandinn hlut, sem manneskja, með allri þeirri þekkingu, eftirvæntingu, löngunum og fordómum sem mannlífni fylgir. Heimurinn sem ég skynja er þess vegna ekki bara heimur hluta,

---

13 Þannig var stutt skref fyrir sannmarxíska efnishyggjumenn frá vantrú á getu einstaklingsins til að stuðla að samfélagsbreytingum yfir í kreddutru á mikilvægi Flokksins í framgangi slíkra breytinga.

14 Í broddi fylkingar voru m.a. þeir Rudolf Carnap, Moritz Schlick og Otto Neurath.

15 Sjá t.d. Michael Morris, *An Introduction to the Philosophy of Language* (Cambridge: Cambridge University Press 2007), bls. 216.



heldur heimur minna hluta, þ.e. minna túlkana. Vísindin sem virðast byggja á strangri efnishyggju – öll athygli þeirra beinist að efnislegum hlutum – eru því í raun sjálfsveruhyggja – þar sem mælitæki sjálfsverunnar, uppfull af fordómum, eru forsenda þess að hlutur sé talinn raunverulegur.

Undir áhrifum frá sögulegri efnishyggju marxismans lagði Adorno sérstaka áherslu á hvernig félagssöguleg staðsetning sjálfsverunnar mótar þessa túlkun. Þannig benti hann ekki bara á að ómögulegt væri að horfa á hlutina frá einu guðlegu sjónarhorni óháð öllum draumum okkar og löngunum, heldur gekk lengra og lagði áherslu á hvernig þessir draumar og langanir, sem smitast inn í túlkun okkar, eru mótaðir af samfélaginu. Þegar við notum hugtök til þess að tala um hlut, smitast því öll hin félagssögulega þróun samfélagsins inn í tal okkar. Og þar sem vísindunum yfirsétt miðlunarhlutverk sjálfsverunnar er þessi félagssögulega mótun hugtaksins skynjuð sem hluti af eðli hlutverunnar, og því nauðsynleg og eðlileg. Sögulegar aðstæður nútímans virðast vera skynsamlegar og óbreytanlegar.

Hegel hafði trúað því að við endalok sögunnar myndu raunveruleikinn og birtingarmynd hans verða eitt. Undirliggjandi skynsemi sögunnar myndi þar með birtast okkur í hlutunum sjálfum og hin nafntogaða *Doppelsatz* Hegels; „það sem er skynsamlegt er raunin, og það sem er raunin er skynsamlegt“,<sup>16</sup> loksins verða sönn. Vísindin vilja einnig sætta náttúrulegan sannleika hlutanna og sögulegar birtingarmyndir þeirra í sjálfsverunni á þennan hátt. En þau gera það ekki með því að reyna að ýta því sem *virðist* nær því sem *er* – gera raunina rökréttari – heldur með því að útnefna birtingarmyndina sem hinn eina mögulega raunveruleika. Upplýsingin gerir okkur þannig ókleift að ímynda okkur annan veruleika og efast um þann sem birtist okkur. Við virðumst vera komin að endalokum sögunnar, komin að skynsamlegri niðurstöðu efnislegs hlutar og hugtaks sjálfsverunnar – einingu náttúrunnar og hins sögulega heims.

### **Skynsemin verður ómeðvituð**

Alræði staðreyndanna, sem vísindahyggja nútímans byggir á, hefur þrátt fyrir allt engan fastan grunn til að standa á nema innra samræmi og óbilandi fullvissu um eigið ágæti. Fyrir röklegan raunhyggjumann eru óhlutstæð og ómælanleg hugtök á borð við „sannleikur“ og „merking“ merkingarlaus, og þar með er ekki hægt að rökræða sannleika eða merkingu vísindahyggjunnar. Hugsunin gerir ekki tilraunir til

---

16 G.W.H. Hegel, *Philosophy of Right*, ensk þýð. T.M. Knox (New York: Oxford University Press, 1967), bls. 10.

skilja og getur því ekki skilið það sem er handan hennar sjálfrar. Þrátt fyrir að slík raunhyggja geti ekki skilið það sem hún byggir á efast hún ekki í eina sekúndu um sjálfa sig. Hún gerir ráð fyrir eigin yfirburðum *a priori*.

Með því að leyfa hugsanlegri gagnrýni einungis að athafna sig á grundvelli grjótharðra staðreynda útilokar upplýsingin frumspekilega eða siðferðilega gagnrýni að utan. Staðreyndirnar segja okkur einungis hvað er, en aldrei af hverju. Hugmyndafræði vísindanna ræðst því ekki einungis á kreddutrú og bábiljur goðsagnanna heldur beinir spjótum sínum að allri hugsun sem gæti grafið undan ríkjandi ástandi – að gagnrýnni hugsun í heild sinni. Með hinu lokaða og heildstæða kerfi vísindanna tekst upplýsingunni nánast að losa sig við innri mótsagnir: bæði vegna þess að gagnrýnin hugsun hefur verið gerð því sem næst ómöguleg innan kerfisins og vegna þess að skynsemin hefur náð markmiðinu sem hún setti sér í upphafi – að drottna yfir náttúrunni – þrátt fyrir að niðurstaðan hafi reynst ómanneskjuleg. Hvort sem er, reynist innri gagnrýni á framhyggjuna nánast ómöguleg.

Gallinn er að einmitt vegna þess að skynsemin, sem samkvæmt skilgreiningu Hegels er meðvitund, vill ekki íhuga það sem hún byggir á, verður hún ómeðvituð um eigin grundvöll, ómeðvituð um tengsl sín við goðsögnina, ómeðvituð um rætur sínar í valdaþrá mannsins, ómeðvituð um sjálfa sig. En hugsun sem viðurkennir engar ráðgátur hefur enga löngun til að leysa ráðgátur. Því hefur upplýsingin snúist upp í andhverfu sína og kynnt til sögunnar skynsemishugtak sem, líkt og Simon Jarvis orðaði það, „getur frekar talist goðsagnakennt heldur en fullkomlega skynsamlegt, því það þaggar niður í eigin tengslum við goðsagnirnar og hefðina í stað þess að skoða þessi tengsl“.<sup>17</sup> Skynsemin upplýsingarinnar er því orðin að kreddutrú líkt og goðsagnirnar forðum. Hún getur því ómögulega séð hvernig hún stendur fyrir þeirri óskynsamlegu villimennsku sem sýnir sig í samfélaginu.

### **Tæknileg skynsemin verður kapítalism**

Ef greining Marx á kapítalismannum hefði verið rétt hefðu brauðmolarnir sem féllu af matardiskum fjármagnseigenda á endanum orðið of fáir og litlir til að verkalýðurinn gæti sætt sig við aðstæður sínar og hefði þá risið upp. En raunin er að í sameiningu sjá vísindin og kapítalisminn til þess að framleiðslan aukist ríflega og dreifist nægilega vel til að nógu fáir verði svo ósáttir að þeir rísi upp gegn innbyggðu misrétti kerfisins. Tæknileg skynsemin stuðlar að framleiðni og félagslegum stöðugleika, á meðan neysluvörur og afþreying menningariðnaðarins grafa undan

---

<sup>17</sup> Jarvis, *Adorno*, bls. 22.

gagnrýnni hugsun. Það væri því einföldun, að mati Adornos, að líta á vísindin einungis sem hluta af yfirbyggingu efnahagskerfisins og fræðilega birtingarmynd þeirrar hugmyndafræði sem styður við ríkjandi samfélagsskipan. Kapítalisminn er nefnilega lítið annað en rökrétt skipulag samfélags sem byggir á tæknilegri skynsemi upplýsingarinnar. Þetta verður ljóst þegar misræmið milli innihalds vísindanna, innbyggðrar afstöðu þeirra, og yfirborðsins, hins yfirlýsta afstöðuleysis, er skoðað.

Framhyggjan, sem gefur sig út fyrir að fella enga gildisdóma, er í eðli sínu gildishlaðin. Hún tekur eina gerð formlegar skynsemi – skynsemi sem leið að markmiði – fram yfir allar aðrar. Vegna þessarar áherslu á notagildi vísindanna, jafnvel óháð því til hvers þau séu notuð, áleit Adorno nútímavísindin *a priori* standa með samfélagsskipulagi sem hvetur menn til að nota alla hluti með eigin ágóða fyrir augunum, þ.e. stefna að sjálfsmiðaðri nýtingu á öllum hlutum, jafnt náttúru sem mönnum. Þegar skynsemin er einungis túlkuð sem leið að markmiði er hún formleg og virðist því í fyrstu hlutlaus. Ekkert er gefið né er hægt að rökræða um gildi markmiðanna. Markmið er ekki hægt að greina í hlutveruleikanum eða frumspekilegum vangaveltum, heldur eru þau ákveðin af sjálfsverunni. Framhyggjan tekur ekki afstöðu til mismunandi siðferðis – fyrir henni eru allar siðferðilegar afstöður jafngildar. Í anda borgaralegrar einstaklingshyggju fær sjálfsvera óheft frelsi til að móta sitt eigið siðferði, réttlæti o.s.frv. svo lengi sem hún er ekki í mótsögn við sjálfa sig. En vegna staðsetningar sinnar í samfélagi sem stefnir ítrekað að skilvirkni og fjárhagslegum gróða gefur hún sér þau markmið nánast alltaf fyrirfram. Siðferðileg afstaða framhyggjunnar mótast því af ríkjandi ástandi í samfélaginu og leitast við að viðhalda því, hún er íhaldssöm og eigingjörn.

Í kerfinu eru ákveðnir gallar: þegar fram líða stundir fer einhæf áhersla tæknilegar skynsemi á ágóða að valda „hömlun á hæfileikanum til að líta handan eiginhagsmuna og fer á endanum að vinna gegn sjálfri sér“.<sup>18</sup> Skynsemin verður óskynsamleg. Adorno greindi slíka óskynsemi bæði í minnstu smáatriðum og stærstu hörmungum síns kapítalíska samtíma, allt frá órökréttum stjörnumerkjaspádómum dagblaðanna til grimmilegra útrýmingarþátta nasista. Slík „[ó]skynsemi er ekki endilega afl sem starfar utan marka skynseminnar“<sup>19</sup> heldur miklu frekar „afleiðing af ferlum skynsamlegrar sjálfsbjargarviðleitni sem „missir vitið““.<sup>20</sup>

---

18 Theodor W. Adorno, *The Stars Down to Earth – and other essays on the irrational in culture* (New York og London: Routledge, 2004), bls. 47.

19 Sama rit, bls. 47.

20 Sama rit, bls. 47.

#### 4. Grundvallarverufræði – Heidegger og eiginleikabvaðrið

##### Verufræðileg þörf

Grundvöllur heimspekilegrar hughyggju, sjálf drottunin yfir náttúrunni, hefur tapað vissunni um eigið almætti [...]. Nú ríkir almennur ótti um að velgengni okkar í að drottna yfir náttúrunni muni spinna æ stærri hluta þess sama óheillavefjar og henni var ætlað að bjarga okkur frá, þ.e. að hún sé í óða önn að spinna það „annað eðli“ sem sé að renna samfélaginu í merg og bein.<sup>21</sup>

Framhyggjan gat ekki viðurkennt eigin vankanta og taldi sig þar af leiðandi geta útskýrt alla mannlega upplifun. En vegna óhagganlegrar áherslu hennar á mælanlega hluti sniðgekk hún ýmis svið mannlegrar tilveru, s.s. fagurfræði og siðfræði, og gat þar af leiðandi ekki tjáð mannlífið á fullnægjandi hátt. Þannig skildi hún eftir tómarúm í manninum; þörf fyrir það sem lá handan staðreyndanna. Nútímamaðurinn var þjakaður af verufræðilegri þörf – þrá eftir því að sýnt yrði fram á að dómur Kants um óþekktanleika hins frumspekilega væri ekki endanlegur.

Sú heimspeki sem svaraði kalli þessarar þarfar, og raunar eina nútímaheimspekin sem bar yfirbragð einhverskonar mótspyrnu gegn hinni ríkjandi hugmyndafræði framhyggjunnar, að dómi Adornos, var grundvallarverufræðin – fyrirbærafræðileg tilvistarspeki Martins Heidegger. Líkt og aðrir tilvistarspekingar leit Heidegger á heiminn sem óhugnalegan stað þar sem einstaklingurinn gat ekki annað en fyllst djúpstæðum ugg og ótta yfir tilvistarlegu heimilisleysi sínu – yfir endanleika sínum og merkingarlausri tilveru. Ef hann sökk ekki ofan í hyldýpi bölsýnnar tómhyggju hlaut hann að flýja inn í algleymi merkingarsnaðra hefða og hversdagslegra athafna borgarasamfélagsins; haga sér eins og „maður“ (þý. *Das Man*) hagar sér, en var þá um leið firrtur sínu eigin sjálfi, firrtur eiginleika sínum. Tilvistarhugsuðirnir höfðu það að markmiði að gera einstaklingnum grein fyrir þessari staðreynd og gera honum kleift að takast á við hana – því þá fyrst yrði hann frjáls og gæti öðlast eiginlega tilvist.

Á meðan Marx hafði álitid fíringu mannsins fyrst og fremst orsakast af efnahagsskipaninni, þ.e. þeirri staðreynd að einstaklingurinn átti ekki ágóðann af eigin framleiðslu, taldi Heidegger óeiginleika mannsins eiga rætur í djúpstæðari kreppu heldur en framleiðsluskipaninni einni. Í hans huga lá grundvöllur óeiginleikans, líkt og Adorno taldi, í hinum tæknilega hugsunarhætti vestrænnar heimspeki. Þessi

---

21 Adorno, *Negative Dialectics*, bls. 67.

tæknihugsun byggði í grunninn á þeirri hefðbundnu sýn vestrænnar frumspeki að telja hvern hlut hafa annars vegar eðli – nauðsynlega eiginleika – og hins vegar birtingarmynd – það hvernig hann birtist heiminum. Þekkingarfræðileg afleiðing þessarar sýnar var svo samsvarandi tvískiptingu mannlegrar upplifunar, í skynjanda og hið skynjaða. Þetta var hin tæknilega, frumlagsmiðaða þekkingarfræðilega bygging vestrænnar heimspeki, sem kristallast í sambandinu: sjálfsvera þekkir hlut.

Vísindin einbeittu sér að hlutum sjálfum, en það hvernig hluturinn birtist einstakri sjálfsveru var hætt að skipta máli. Þekkingarfræðilega byggingin hafði, að mati Heideggers, virkað sem hula yfir raunverulega hlutgervingu hinnar einstöku sjálfsveru í nútímasamfélagi – hlutgervingu einstaklingsins sem var afleiðing af tæknihyggju mannkynsins. Breytt hugsun, þar sem tilfinningar hinnar einstöku sjálfsveru væru aftur settar í brennidepil – eftir aldalanga smættun þeirra niður í óskeikul almenn náttúrulegumál – var að mati tilvistarspekinnar eina leiðin til frelsunar. Þetta varð þó að gerast með nokkurskonar afmiðjun sjálfsverunnar, nýrri sýn sem gæfi sér ekki yfirburði sjálfsverunnar fyrirfram, en fæli hinsvegar í sér viðurkenningu á ósmættanleika mannlegra tilfinninga gagnvart mælanleika vísindanna.

Sjálfsveran var endurskilgreind sem sú verund sem við eigum í nánustu sambandi við. Þessa verund, sem skynjar aðrar verundur eða notar þær sem tæki, kallar Heidegger Dasein.<sup>22</sup> Hún er skilin frá öðrum verundum vegna sambands síns við eigin tilvist. Hún er eina verundin sem tekur afstöðu gagnvart eigin tilveru. Aðrar verundir finna sér ekki sína eigin merkingu heldur er tilgangur hverrar verundar skilgreindur út frá stöðu hennar í því merkingarsamhengi sem Dasein skynjar í heiminum. Ólíkt hinni hefðbundnu kartesísku sjálfsveru, sem hugsar sjálfa sig í andstöðu við efnisheiminn fyrir utan sig, er Dasein frá upphafi „vera-í-heiminum“. Heidegger ætlaði þannig að koma í veg fyrir að skynjuninni, og þar með hinum skynjanlega heimi, væri skipt upp í mismunandi svið. Tilfinningar sjálfsverunnar áttu að vera ómissandi, en það áttu hlutirnir sem hún ber tilfinningarnar til einnig að vera. Hann taldi sig hafa náð þessu marki með endurskilgreingu sinni á sjálfsverunni, og hlutunum sem hún skynjar, sem einni heild upplifana, Dasein.

---

22 Heidegger var viss um að ný hugsun krefðist orðnotkunar sem væri frábrugðin hinu hefðbundna tungutaki heimspekinnar. Með nýyrðum og orðasamsetningum vonaðist hann til að geta sloppið undan oki sögunnar; undan þeirri uppsöfnuðu merkingu sem liggur eins og mara á baki hvers hugtaks. Dasein er þekktata hugtakið í orðabúri Heideggers. Hugtakið var óvanalegt í þýsku, en það er myndað úr orðunum Da = þar og Sein = Vera, og gæti útlagst „þarvera“ á íslensku. En vegna sérstöðu orðsins er ekki hefð fyrir að þýða Dasein, hvorki yfir á íslensku né önnur tungumál, og því nota ég Dasein í sinni upprunalegu mynd.

## Díalektík sjálfsveru og hlutveru hverfur

Þrátt fyrir góða viðleitni til að koma í veg fyrir smættun sjálfsveru í hlutveru, eða öfugt, reyndust grundvallarmistök Heideggers felast í því að búa til einingu úr þeim í stað þess að halda fast í díalektískt eðli sambandsins. Adorno telur að um leið og við missum sjónar á díalektík sjálfsveru og hlutar verði hlutverk sjálfsverunnar – að festa söguleg hugtök við náttúrulega hluti – ósýnilegt. Við hættum að greina hugtakið frá hlutum. Hugtök sem virðast vísa handan sjálfra sín, með upphafningu sem felst í réttum áherslum og guðfræðilegum undirtónum, eru gagnrýnislaust talin hafa innihald. Óskýr en að því er virðist háleit hugtök fara að sýkja tungumálið. Innbyggðir gallar heimspekinnar eru þá „fagurfræðilega skynjaðir sem vont mál“.<sup>23</sup> Tungumálið verufræðinnar varð hins ekki bara lýti á heimspekinni, heldur eðli málsins samkvæmt blekkjandi. Með því að láta viðfangsefni líta út fyrir að vera til staðar, án þess að vísa til nokkurrar ákveðinnar merkingar, urðu orðin að innihaldslausu „þvaðri“.<sup>24</sup> Þrátt fyrir – eða kannski einmitt vegna þess – að þvaðrið átti stóran þátt í aðdráttarafli verufræðinnar varð það að einu mikilvægasta tækinu í blekkingum hennar. Veran sjálf er eitt besta og miðlægasta dæmið um þessa tilhneigingu tungumálsins. Hugmyndin um Veru byggist samkvæmt Adorno á misskilningi á tengisögninni „er“. Heidegger álitur mikilvægan greinarmun vera á tveimur notkunarmöguleikum orðsins „er“: annars vegar þegar það er notað sem rökleg tengisögn sem tengir frumlag við umsögn og hins vegar þegar það hefur almenna tilvistarmerkingu. Heidegger hlutgerir almennu tilvistarmerkinguna, handan við bæði sjálfsveru og hlutveru, og kallar Veru. Fyrir hann liggur Veran handan bæði skynjanda og skynjaðra hluta, handan hugtaka og hluta. En að mati Adornos gerir hvað það „sem hrósar sjálfu sér fyrir að teygja sig handan við hugtök yfirvegunar – sjálfsveru og hlutveru – til þess að ná utan um eitthvað verulegt“<sup>25</sup> í rauninni ekkert annað en að túlka ómöguleika þess að smætta annað hugtakið niður í hitt sem sjálfstæðan hlut – ómöguleikinn á smættun er gerður að hlut-í-sjálfum-sér.

Það er eðlileg viðleitni að reyna að öðlast hreinan skilning á hlut með því að fara handan við þá sögulegu merkingu sem hann hefur safnað á sig. Heidegger telur hina tæknilegu sýn nútímans hafa spillt því hreina í tungumálinu og þar af leiðandi hljóti hin raunverulega merking, hið fullkomna tungumál, að leynast í einhverskonar afbyggingu á textum fornaldar. En forn hugtök er ekki hægt að afbyggja nema út frá

23 Adorno, *Jargon*, bls. xviii.

24 Ég nota orðið „þvaður“ til að þýða þýska orðið *Jargon* sem lék stórt hlutverk í gagnrýni Adornos á Heidegger. Þegar ég ræði um *Gerede*, sem Heidegger notar til að lýsa innihaldslausu tali, nota ég hins vegar íslenska orðið „blaður“.

25 Trent Schroyer, „Foreword“ hjá Adorno, *Jargon of Authenticity*, bls. xv.

manns eigin félagssögulega skilningi. Hugtökin sem Heidegger notar til þess að fara handan við sögulega merkingu eru sjálf sögulega mótuð. Í stað þess að vera meðvitað um þá staðreynd telur þvaður verufræðinnar sig, einmitt vegna óskýrleika og forneskjuleika síns, hafa náð einhverri hreinni upprunalegri merkingu. Með því að virðast fara handan við skynjanlega reynslu verður þvaðrið því sérstaklega hugmyndafræðilegt. Það kemur ekki einungis í veg fyrir að við getum skynjað hreina merkingu handan hugtakanna heldur leggur það sína eigin félagssögulegu mótun, hinn ríkjandi samfélagsveruleika, að jöfnu við þessa hreinu merkingu. Þegar sögulegar aðstæður nútímans virðast vera í eðli hlutanna er ljóst að einstaklingurinn getur ekki vænst þess að komast undan hlutgervingu samfélagsins innan hins samfélagslega veruleika. Frelsi frá firringu, eiginleiki sjálfins, hlýtur að nást utan efnisheimsins.

### **Eiginleiki**

Þessi tregða Heideggers til að takast á við ríkjandi ástand sýnir sig hvað best í rannsókn hans á möguleika Dasein til að komast undan hlutgervingu, þ.e. hvernig hún getur orðið eiginleg eigin Veru. Eðli Dasein er tilvist, þ.e. í eðli sínu þarf hún að ákveða hvernig hún ætlar að lifa, eða, á heideggerískara máli, Dasein tekur, vegna verugerðar sinnar, óhjákvæmilega afstöðu gagnvart sinni eigin Veru, en sú Vera er það sem Dasein kallar „ég“. Þegar sjálfíð hefur valið sig og náð taki á sér á sinn eigin hátt er það orðið eiginlegt, en frá slíku sjálfí greinir Heidegger hið óeiginlega sjálf hversdagslegrar Dasein, þ.e. sjálfíð sem hann kennir við það sem „maður“ gerir. Þrátt fyrir að halda því fram að skiptingin í tilvistarkvíar hins eiginlega og óeiginlega sé aðeins tæknileg og því gildisfrí álitur Adorno gildishlaðna hugtakanotkunina koma upp um raunveruleg markmið skiptingarinnar. Heidegger eyðir þannig miklu púðri í að gera lítið úr hinum ýmsu einkennum hins óeiginlega nútímamanns, forvitni hans og blaðri. Hversdagsleg Dasein fylgir normum og óskrifuðum hegðunarreglum samfélagsins í blindni, hún lifir eins og „maður“ á að lifa, án þess að velja því almennilega fyrir sér. Með því er hún að velja Veru þess sem „maður“ gerir en ekki sína eigin og verður þar með óeiginleg sjálfri sér. Dasein sökkvir sér í heim einstakra verunda í stað þess að horfa til hinnar almennu Veru. Í stað almennrar heimspekilegrar undrunar og þekkingarþrár fyllist hún af fyrirlitlegri forvitni og gægjuþörf, í stað þess að segja eitthvað um Verur blaðrar hún um verundir. Einmitt á andstæðan hátt öðlast Dasein eiginlega tilvist þegar hún einbeitir sér að Verunni en ekki verundunum, þegar hún velur sína eigin Veru frekar en að fylgja því sem „maður“ gerir. „Þar-Veran“ verður að hætta að vera „þar“ til þess að verða eiginleg Vera. Þannig telur Adorno

eiginlegt sjálf Heideggers sýna sig sem „flóttu undan reynslubundnu innihaldi sjálfsverunnar“.<sup>26</sup>

Frelsi undan firringu er þá einungis hægt að öðlast með því að líta inn á við og hverfa handan verundanna, handan samfélagslegra aðstæðna sinna. Hið endanlega markmið Dasein hefur verið rækilega fest innan hins verufræðilega sviðs. Möguleikar manneskjunnar til hins góða lífs eru því ekki mótaðir af aðstæðum þeirra í heimi verundanna, heldur felast þeir í persónulegu verufræðilegu vali hvarra og einnar. En þar sem sú hegðun sem Heidegger tengir við óeiginleika sjálfsins er, að mati Adornos, brenglun nútímasamfélagsins á því sem í grunninn er jákvæð viðleitni einstaklinga til að opna sig gagnvart heiminum, er ómögulegt að ímynda sér öðruvísi viðhorf sjálfsins annars staðar en í ókapítalískum raunveruleika. Í sveitalegri rómantík sinni sér Heidegger slíka tilvist fyrir sér í óspilltri fortíð landsbyggðarinnar. Adorno telur það hins vegar í besta falli vafasamt að halda að slík hrein fortíð hafi nokkru sinni verið til, hvað þá að telja hana raunverulegan möguleika í nútímanum. Slík fortíðarþrá gerir ráð fyrir að hægt sé að stökkva á milli sögulegra tímabila án vandkvæða og þar að auki virðist hún gera ráð fyrir að gallar nútíðarinnar séu sjálfgetnir, frekar en söguleg afkvæmi gallaðs hugsunarháttis fortíðarinnar. Verufræðilega sýnin tekur því á engan hátt inn í myndina hvernig samfélagslegar aðstæður móta hegðun og hugsanir einstaklinganna – hvernig val einstaklinga í andlega kúguðu samfélagi er forákvarðað. Þessi sögulausa hugsun Heideggers gerir ráð fyrir að auðvelt sé að breyta hegðun án tillits til þeirra félagssögulegu aðstæðna sem móta hegðunina til að byrja með.

Óeiginleiki manneskjunnar felst því, fyrir Heidegger, ekki í því að hún sé hlutgerð í kapítalísku samfélagi sem vinnuafli og neytandi, heldur verður eiginleiki lífs hennar frjáls verufræðileg ákvörðun hvarra Dasein. Með því að leita útskýringa á firringu mannsins einungis í innri byggingu sjálfsverunnar frekar en ytri aðstæðum hlutheimsins staðfestir hann ríkjandi ástand kúgunar sem óbreytanlega staðreynd. Heidegger reynir að hunsa afgerandi áhrif ytri aðstæðna á sjálfsveruna en laumar um leið félagssögulegum aðstæðum síns eigin tíma inn í það sem virðist vera verufræðileg bygging Dasein – eðli manneskjunnar. Þannig verður fyrirlitning Heideggers á hinu jarðneska einmitt til þess að hann sér ríkjandi ástand hins jarðneska sem eitthvað æðra.

Við erum blinduð á kúgandi aðstæður hlutheimsins og þar af leiðandi á möguleikana til að brjóta þær niður. Heidegger gerir manneskjunni ekki grein fyrir möguleikanum á frelsi heldur blindar hana fyrir honum. Þessi dulgerving raunverulegra möguleika sjálfsverunnar til frelss frá hlutgervingu leiðir

---

26 Sama rit, bls. 60.



óhjákvæmilega til pólitísku aðgerðaleysis og einstaklingsmiðaðrar innhverfu. Sökum félagslegrar íhaldssemi sinnar gerir verufræðin ekkert til að ögra alræði vísindanna. Hún býður ekki upp á heimspekilegan valmöguleika andstæðan framhyggjunni heldur er einungis andstæð hlið á peningi vísindahyggjunnar. Verufræðin endar í mótsögn við sitt upprunalega markmið.

## 5. Neikvæð díalektík – Adorno og gagnrýnin kenning

### Hugtak og hlutur

Verufræði Heideggers mistekst að gagnrýna framhyggjuna af sömu ástæðu og henni tekst ekki að túlka heiminn – hún viðheldur ekki strangri díalektík milli sjálfsverunnar og hlutverunnar. Nánast allri heimspeki nútímans hefur þannig „mistekist að útskýra sambandið milli sjálfsveru og hlutveru á fullnægjandi hátt“.<sup>27</sup> Einingarhugsunin, sem miðar ávallt að því að safna saman ólíkum einstökum hlutum undir eitt almennt hugtak, virðist ýmist blekkja menn til að smætta sjálfsveruna í hlutinn eða telja alla hluti vera háða sjálfsverunni, falla í gryfju hluthyggju eða sjálfsveruhyggju. Adorno fellst á að hlutur geti einungis verið skynjaður af sjálfsveru, en telur mikilvægt að hafa hugfast að hann sé ávallt eitthvað annað en sjálfsveran. „Aftur á móti er sjálfsveran í eðli sínu einnig hlutvera. Ekki einu sinni sem hugmynd getum við séð fyrir okkur sjálfsveru sem er ekki hlutvera; en við getum gert okkur í hugarlund hlut sem er ekki sjálfsvera.“<sup>28</sup> Sjálfsveran er sögulega mótuð af hlutunum, en þó ekki smættanleg niður í söguna. Af þeim sökum verður aldrei sneitt hjá skiptingunni í sjálfsveru og hlutveru. Hvor veran fyrir sig liggur hinni til grundvallar, en einmitt þess vegna má ekki smætta þær niður í hvor aðra. „Þær eru hvorki algjörlega aðskildar né eru hugtökin hula sem felur algjöra einingu.“<sup>29</sup> Þessari díalektík er nauðsynlegt að halda til streitu, því um leið og hún glatast hættum við að gera raunverulegan greinarmun á hugtaki og merkingu þess.

Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því að óhlutbundin hugtök eru forsenda þess að mannleg hugsun geti fjallað um hlutbundin efni, þ.e. sé hugsun *um* eitthvað. Þetta hefur óhjákvæmilega í för með sér ákveðin vandamál sem öll hugsun, en sérstaklega heimspekin, þarf að glíma við. Til að geta átt við hluti verður hugsun að byrja á því að skilja alla hlutbundna eiginleika frá þeim og gera þá þannig að óhlutstæðum hugtökum (e. *abstraction*). Þannig er gerð tilraun til að gera einstakt hlutbundið efni viðráðanlegt fyrir hugsunina sem er nauðsynlega almenn og óhlutstæð. Í þessari færslu milli óeiningar þess einstaka og einingar þess almenna er þó óhjákvæmilegt að eitthvað glatist.

---

27 David Held, *Introduction to Critical Theory – Horkheimer to Habermas* (Berkeley: University of California Press, 1980), bls. 202.

28 Adorno, *Negative Dialectics*, bls. 183.

29 Sama rit, bls. 174.

Í samsemdardómi sést sá þáttur sem stangast á við heildina skýrt og greinilega vegna þess að sérhver einstakur hlutur sem felldur er undir tiltekinn flokk hefur önnur einkenni sem rúmast ekki innan skilgreiningar á flokknum. En um hugtak með áherslu, sem er ekki einungis dregin af sérstöku einkenni ákveðinna hluta, á andstæðan ekki síður við. Dómur um að maður sé frjáls vísar af áherslu til hugtaksins frelsi. Hugtakið þýðir þó meira en einungis það sem felst í umsögninni sem hefur verið fest við þennan mann, á sama hátt og þessi maður, séður frá öðrum sjónarhornum, er annað og meira en þetta frelsishugtak sitt.<sup>30</sup>

Annars vegar þýðir almenna hugtakið því meira og hins vegar minna en tilsvareandi hlutur í raunveruleikanum. Hugtakið stefnir að því að tjá merkingu innihaldsins en þar sem það nær aldrei fullkomlega utan um hlutinn nær það aldrei fullri einingu með þessari merkingu sinni.

Þetta vandamál er aldrei hægt að skilja frá notkun hugtaka, og þar með hugsun almennt, en það er þó ekki fyrir en við missum sjónar á mismuninum – þegar hluturinn og hugtakið eru raunverulega lögð að jöfnu – sem vandinn verður óviðráðanlegur. Það gerist þegar hlutverk sjálfsverunnar – að gefa hlutnum hugtak – verður ósýnilegt, díalektíkin milli sjálfsverunnar sem hugsar og hlutveruleikans rofnar. Í hugsun og notkun tungumálsins verðum við því sífellt að vera meðvituð um miðlunina sem á sér stað í sjálfsverunni: að hugtak sjálfsverunnar sé ófullkomin tjáning á sannleikanum. Sú hugmynd að á milli skilnings okkar og raunveruleikans standi hindrun, einhver aðskotahlutur sem þarf að komast í kringum til að „öðlast vitund um hluti“<sup>31</sup> er röng að mati Adornos. Veruleikinn handan hugtaka okkar, hluturinn, getur ómögulega verið gefinn í eðli sínu. Í anda Kants telur Adorno ómögulegt að hugsa um óhugtakalega hlutinn líkt og hann sé nú þegar til staðar, en þekkingu okkar hafi einfaldlega ekki tekist að fanga. Adorno álítur þekkingu okkar einungis geta haft innihald sem hefur öðlast merkingu fyrir tilstilli hins félagslega, sögulega og mannlega. Félagssöguleg staðsetning er því nánast eins og ein af hugkvíum Kants; forskilvitleg forsenda skynjunarinnar. Hlutur getur ekki verið skynjaður nema í tíma og rúmi og ekki skilinn nema út frá félagssögulegri staðsetningu sinni. Hinn óhugtakalegi sannleikur, sá hlutlægi þáttur sem aldrei er hægt að tjá með hugtökum, getur þó einungis verið skynjaður í gegnum einingu hugtaksins. Sannleikurinn liggur í textanum og aðeins upp úr honum getum við dregið sannleikann – notkun hugtaka er það eina sem getur komið okkur nálægt því óhugtakalega. Einungis þegar við erum „meðvituð um óeiningu milli

---

30 Sama rit, bls. 150.

31 Rolf Tiedeman, „Editor’s Foreword“ hjá Theodor W. Adorno, *Lectures on Negative Dialectics*, Ensk þýð. Rodney Livingstone (Cambridge: Polity Press, 2008), bls. xvi.

tjáningar og þess sem hún merkir<sup>32</sup> getur heimspekileg íhugun fært okkur nær hlutunum í sjálfum sér. Tungumál getur því ekki talist nálægt því að vera mælikvarði á sannleika fyrr en við gerum okkur grein fyrir að það geti aldrei tjáð sannleikann fullkomlega. „Prófsteinninn á kraft tungumálsins felst í því hvort tjáningin og hluturinn losni í sundur í íhugun.“<sup>33</sup>

Í stað þess að einblína á hin almennu hugtök vildi Adorno ávallt ganga út frá áþreifanlegu staki. Ólíkt hefðbundnum aðferðum vill hann skoða það sem aðskilur hluti frekar en algildið sem sameinar þá. Með slíkri hugsun vill hann bæði reyna að komast hjá því að búa til einingu og firra hlutina eiginleikum sínu. Hann stefnir að því að segja hvað viðfangefnið *er*, á meðan kerfisbundin einingarhugsun segir einungis til um í hvaða flokk viðfangsefnið fellur, hvað það á sameiginlegt með öðrum eða hvað það tákna – í stuttu máli: hvernig það er *ekki* fullkomlega það sjálft. Að mati Adornos er nauðsynlegt að rannsaka þessa óeiningu einingar og óeiningar, þ.e. hvernig hugtak og hlutur munu aldrei öðlast samsemd, í gegnum díalektík tungumálsins.

Tungumál segir meira en það nefnir vegna „þróunarinnar sem kemur fram í hugsanaflæðinu“.<sup>34</sup> Óeiningu raunveruleikans er ómögulega hægt að skynja með einstöku hugtaki. Einungis í fjöldanum, sambandi ólíkra hugtaka sem skoða sama hlut frá mismunandi sjónarhornum, er hægt að nálgast skilning á óeiningunni. Hugtökin og samböndin sem tengja þau saman mynda samhengi sem gefur textanum áru þess sem hann vill segja. Nánast eins og stjörnur raðast saman í stjörnumerki<sup>35</sup> fléttast hugtökin saman í samspili sem gefur hverju orði „meira“ en það merkir eitt og sér. Þannig glittir í hið ósegjanlega handan tungumálsins og við nálgumst vitræna útópíu Adornos sem fælist í „að nota hugtök til að opna hið óhugtakalega, án þess að leggja það að jöfnu“.<sup>36</sup> Adorno viðurkennir að þessu marki verði að vísu ekki náð með hreinni framsetningu heldur hljóti sanngildi vitsmunalegrar reynslu, sem díalektíkin kallar fram, að vera neikvætt. Þegar ekki er hægt að setta hugtak og hlut getur óeiningin aðeins verið skynjuð neikvætt. Sannleikann, sem liggur í textanum, er því aðeins hægt að nálgast með gagnrýni á viðfangsefnið – í gegnum túlkun og greiningu á textanum. Slík neikvæð gagnrýni má ekki gefa sér nokkurn hlut og hvorki fylgja ákveðinni forskrift né aðferð. Hún lýtur samhenginu hverju sinni og sýnir, með greiningu, innri mótsagnirnar sem felast í öllum hugtakakerfum. Adorno taldi að „í stað þess að reyna

32 Adorno, *Negative Dialectics*, bls. 111.

33 Sama rit, bls. 111.

34 Adorno, *Jargon of Authenticity*, bls. 8.

35 Adorno notaði oftast orðið *Konstellation*, sem merkir stjörnumerki, til þess að tákna þetta samspil hugtakanna.

36 Tiedeman, „Editor’s Foreword“ hjá Adorno, *Lectures on Negative Dialectics*, bls. xvi.

að verða svo óhlutstæð og almenn að ekkert geti sloppið úr neti hennar<sup>37</sup> ætti heimspekin því að fara „að líta á sig sem eins konar túlkun“<sup>38</sup> og byrja að túlka hinar smæstu einingar í stað heildarinnar.

Þetta var markmið hinnar gagnrýnu kenningar sem Adorno og aðrir meðlimir Frankfúrtarskólans stunduðu. Þannig álitu þeir sig vera að snúa heimspekinni aftur að hinum frumspekilegasta, en um leið hlutbundnasta parti heimspekinnar, hinu háleitasta en um leið jarðneskasta: sannleikanum í textanum. Adorno biðlar til fólks um að ímynda sér ástand þar sem hugsun þarf ekki að felast í því að „fórna einstökum verundum fyrir algildi“<sup>39</sup> heldur frekar í því að ljúka upp hinum hugtakalausum sannleika með hugtökum. Með gagnrýnni túlkun getum við náð að losa sannleikann undan valdi textans, en vandamálið er að um leið og hann losnar verður hann „frjáls en heimilislaus“<sup>40</sup>. Spurningin sem Adorno stóð frammi fyrir var því praktísk: getur gagnrýni haft nokkur raunveruleg áhrif – er hún ekki dæmd til sömu innhverfu íhugunarinnar og verufræði Heideggers endaði í, nema bara neikvæðari?

### Fræði og framkvæmd

Frá því að Marx hafði sett fram sína elleftu, og þekktustu, grein um Feuerbach – um hvernig heimspekingar hefðu hingað til „aðeins skýrt heiminn á ýmsa vegu“ en þyrftu nú að „breyta honum“ – hafði heimurinn breyst.<sup>41</sup> Marx áleit augnablik einingar milli raunveruleika og hins ákjósanlega vera um það bil að renna upp, heimurinn hlyti nú loksins að færast nær skynseminni. Á þeim tímamarki myndu mörkin milli fræða og athafna þurrkast út: heimspeki og heimur yrðu að einu. En augnablikið kom aldrei – sagan fraus í Auschwitz, í gúlagi Stalíns, í menningarframleiðslu Hollywood.

Í dag getum við hreinlega ekki hugsað eins og Marx hugsaði, þ.e. að byltingin sé yfirvofandi – einfaldlega vegna þess að, annars vegar var verkamannastéttin á hans tíma ekki innlimuð í borgalegt samfélag, og hins vegar bjó hið borgaralega samfélag ekki yfir öllum þeim valdataekjum, bæði raunverulegum líkamlegum valdataekjum og einnig sálfræðilegum í víðasta skilningi, sem það gerir í dag.<sup>42</sup>

Hugmyndin um raunverulegan möguleika á árangursríkri byltingu samfélagsins var ekki lengur trúverðug. Skammirnar sem heimspekin tók á sig fyrir að stunda eintóma

37 Jarvis, *Adorno*, bls. 5.

38 Sama rit, bls. 5.

39 Sama rit, bls. 32.

40 Friedman, *The Political Philosophy of the Frankfurt School*, bls. 219.

41 Karl Marx og Friedrich Engels, *Úrvalsrit I* (Reykjavík: Heimskringla, 1986), bls. 328.

42 Adorno, *Lectures on Negative Dialectics*, bls. 45.

íhugun án afleiðinga höfðu einungis merkingu þegar það var yfirhöfuð mögulegt fyrir hana að hafa raunveruleg áhrif. En „þegar augnablik afleiðinga er liðið er tími slíkrar gagnrýni það einnig.“<sup>43</sup>

Adorno taldi tilraunir manna til að þröngva heiminum í farveg skynsamlegra lokalausna hafa leitt til hörmunga nútímans. Þar sem hvert einasta smáatriði sem ekki rúmast innan heimspekilegs kerfis ógildir heildina fylgir sérhverri mikilli heimspekikenningu vænisjúk tilhneiging til að neita að umbera nokkuð það sem liggur utan þess kerfis sem hún setur fram. Þetta er hið fasíska fræ sem liggur hverri kerfisbundinni heimspeki til grundvallar. Í sinni þróuðustu mynd í samfélaginu brýst umburðarleysið fyrir frávikum út í hatri á öllu því sem ekki passar innan hefðbundinna kerfa, öllu því sem er óvenjulegt og öðruvísi. Grimmd og óskynsemi nútímans var rökrétt afleiðing athafna sem töldu sig hafa upplýsinguna á bakvið sig. Heimspekin hafði því hingað til verið of fljót á sér í að framkvæma. Nú var því kominn tími til, þvert á slagorð marxista, að heimspekin hætti að aðhafast hugsunarlaust og byrjaði að íhuga á ný. Aðgerð, sem er ætlað að búa til réttar aðstæður fyrir þroskað mannkyn, „er dæmt til ógæfu, nema hún byggji á kenningu sem getur hugsað heildina í ósannindum sínum“.<sup>44</sup> Heimspekin þurfti að draga fram í dagsljósið ósmættanlegan mismuninn milli raunveruleikans og birtingarmyndar hans; milli nútímasamfélags manna og æðri möguleika þess; ósannindi núverandi heildar.

Heimspeki er ekki óháð samfélaginu. Með kerfisbundinni heimspeki reynum við að mynda einingu úr heild allra hluta, en sú viðleitni er knúin áfram af þrá mannsins til að drottna yfir heiminum. Þráin er eins og áður hefur komið fram nauðsynlegur eiginleiki hversdagslegs mannlífs, en hefur orðið heiftarlegri í kapitalísku samfélagi. Sú staðreynd að við finnum svo sterka hvöt til að stunda heimspeki er því tjáning á félagslegum veruleika. Við stundum heimspeki vegna vankanta samfélagsins. Þegar Adorno segist vilja „komast handan við frumspekina“ þýðir það fyrst og fremst og hann telji nauðsynlegt „að komast handan við þær mótsagnakenndu félagslegu aðstæður sem næra hana“.<sup>45</sup> Heimspekin, sem stefnir að því að frelsa manninn, stefnir að því að laga galla samfélagsins og gera sjálfa sig óþarfa. Aðeins í fullkomlega frjálsum heimi getur heimspekin orðið óþörf. Sá heimur er ekki orðinn að veruleika og því er þörfin fyrir heimspeki enn til staðar. Heimspeki

---

43 Friedman, *The Political Philosophy of the Frankfurt School*, bls. 208.

44 Theodor W. Adorno, *Critical Models: Interventions and catchwords* (New York: Columbia University Press, 2005), bls. 14.

45 David Sherman, *The Dialectics of Subjectivity: Sartre and Adorno* (New York: State University of New York Press, 2007), bls. 53.

lifir áfram og er ennþá nauðsynleg einmitt vegna þess að „augnablikið til að gera hana að veruleika gekk henni úr greipum“.<sup>46</sup>

### Gagnrýnin kenning

Hin gagnrýna kenning stendur ekki í þeirri trú að hún viti hvernig heimurinn sé raunverulega, né heldur hvernig hann eigi að vera. En hún getur bent á hvernig hann eigi ekki að vera, þ.e. hvernig raunveruleikinn sé ekki hið góða samfélag, skynsemin sé ekki skynsamleg og hugtökin séu ekki hlutirnir.<sup>47</sup>

Gagnrýnin kenning gengur út frá þeirri forsendu að maður geti aðeins séð raunveruleikann út frá sinni eigin staðsetningu í heiminum; að sjónarhorn manns sé bundið ákveðnum tímapunkti í sögu ákveðinnar menningar. Sá raunveruleiki sem við upplifum er manngerður að því leyti að skilningur hvers okkar á heiminum byggir á þessum einstaka menningarsögulega tímapunkti sem við stöndum á. Til þess að skilja heiminn reynum við að mynda okkur heildstæða sýn á, eða kenningu um, það hvernig heimurinn var og er. Þannig ætlum við að fanga raunveruleika sem raunverulega er ekki hægt að fanga. Þær ófullkomnu kenningar sem við búum til um heiminn verða því, eðli málsins samkvæmt, mótsagnakenndar. Á mismunandi tímum eru því til mismunandi raunveruleikar, og á hverjum tíma mismunandi sjónarhorn á raunveruleikann. Hver einasta heimspekikenning og hugmyndafræði er túlkun á því hvernig heimurinn virkar. Óhjákvæmilega eru allar slíkar kenningar rangar eða öllu heldur misréttar. Hver kenning setur ómeðvitað fram þá sannleika og þær villur sem bakgrunnssamfélag kenningarinnar byggir á. Raunveruleikinn er manngerður og mótsagnakenndur. Fyrir Adorno er heimspekin því ekki aðeins hugmyndafræðileg hula sem viðheldur ríkjandi ástandi með því að dylja galla eða sefa óuppfylltar þarfir samfélagsins. Mikilvægi hennar felst í því hvernig hún tjáir hlutlægar aðstæður og uppbyggingu samfélagsins.

Sambandið milli kenningar og raunveruleika, hugtaks og hlutar, er breytilegt, en hugmyndin sem liggur að baki tengslunum er tímalaus. Hún sýnir hvernig tengsl hugar og heims voru á ákveðnum tímapunkti í ákveðinni menningu. Þannig virkar hugmyndin líkt og mónaða sem sýnir okkur allan heiminn í einu svipleiftri. Gagnrýnin kenning vill þá ekki einungis skoða kenningarnar til að gera upp á milli misgóðra frásagna um raunveruleikann, heldur fyrst og fremst til að finna mótsagnirnar sem

46 Adorno, *Negative Dialectics*, bls. 3.

47 Þetta reynir Adorno að gera í verkum sínum. Svo dæmi sé nefnt skoðar hann hin minnstu smáatriði nútímans í spakmælasafninu *Minima Moralia: Endurspeglanir af sködduðu lífi (Minima Moralia: Reflexionen aus dem beschädigten Leben)*, allt frá söguþráðum Hollywood-mynda til leikfanga, og sýnir hvernig þau eru birtingarmyndir gallaðs lífs.

felast í hverri þeirra og draga þannig fram ákveðinn sannleika um samfélagið sem kenningin fæddist í. Gagnrýni á hugmyndir og heimspeki er alltaf gagnrýni á heiminn eins og hann birtist okkur. Þannig sér Adorno t.d. ótæpilega kerfishugsun nútímaheimspekinnar sem tjáningu á ákveðnu félagslegu ástandi, því „óreiða í raunveruleika leiðir til þrjár eftir reglu í hugsun“.<sup>48</sup> Sannleikurinn um hina menningarsögulegu byggingu heimsins sem óviljandi sýnir sig í heimspekinni er dreginn fram.

Frankfúrtarskólinn taldi ólíkt kreddufullum marxistum orsakasambandið milli efnahagskerfisins og yfirbyggingarinnar ekki vera einhliða – frá efnis til hugarheims – heldur díalektískt.<sup>49</sup> Til þess að stofna til gagnrýnnar samfélagsvitundar verður maður að stuðla að breytingum í hinni heimspekilegu vitund. Heimspekin getur ekki komist handan við þær sögulegu aðstæður sem móta hugsun okkar, en hún getur hjálpað okkur að sjá þær og þróa þær og þar af leiðandi búið til rétt skilyrði fyrir breytingar í hugsun og hegðun. Heimpekingurinn getur þó ekki sett nýjar kenningar fram óháð heimspekisögunni, heldur verður hann að viðurkenna eigin staðsetningu í henni. Framþróun verður ekki á neinu sviði mannlífsins nema í gegnum díalektíska samræðu við hefðina sama hversu vitlaus hún virðist og ótengd núverandi raunveruleika. Aðeins ódíalektísk og ósöguleg heimspeki myndi telja sig geta skilið skuldlaust við þær spurningar sem hefðin hefur glímt við. Skipuleg gagnrýni á nýjustu heimspeki og viðfangsefni hennar er það eina sem getur losað okkur við fyrri vandamál og lagt grunninn fyrir ný verkefni.

Adorno taldi að hin gagnrýnu fræði gætu ekki ráðist á aðrar kenningar með fyrirframgefnum forsendum, heldur vildi hann beita túlkun sem bendir á innri mótsagnir hugmyndakerfis og gagnrýnir þannig kerfið á eigin forsendum. „Gagnrýnin kenning er ekki aðeins gagnrýni á ákveðnar rökfærslur, heldur líka á það hvernig slíkar rökfærslur passa saman innan heimspekilegs kerfis.“<sup>50</sup> Sannleiksgildi gagnrýnnar stendur því ekki og fellur með skoðunum gagnrýnandans, heldur innra samræmi kerfisins. Gagnrýnin kenning býður ekki upp á gervilausnir heldur stundar skæruhernað með því að koma sér fyrir í kerfinu og sprengja það að innan. Þá stendur kúgun nútímans ein eftir nakin upp úr rústum heimsmyndarinnar og brautin er rudd fyrir breytta hugsun almennings. Þannig verður hugsun að athöfn, fræði að framkvæmd, neikvæðni að jákvæðni. Líkt og verkamaður mótar efnisheiminn í

48 Held, *Introduction to Critical Theory*, bls. 204.

49 Það sem meira er, ef hugmyndir og önnur menningarfyribærir eru sögð hluti af yfirbyggingu efnahagsskipulagsins er auðvelt að réttlæta þöggunarhyggju og bælingu gagnrýnnar hugsunar. Slík kúgun varð raunin í nánast öllum kommúnistaríkjum 20. aldarinnar.

50 Jarvis, *Adorno*, bls. 6.



kringum sig með handafli og líkamlegri vinnu mótar heimspekingurinn hann með gagnrýni og andlegri vinnu. Adorno bar ekki í brjósti rómantíska sýn á tímann fyrir iðnvæðingu og einkarétt, því hann taldi tengsl skynseminnar og valdaþrjár hafa verið til staðar frá upphafi. En hins vegar var ekkert sem útilokaði að henni mætti breyta. Þrátt fyrir að álíta vandamál nútímans felast í virkni skynseminnar hlaut vonin engu að síður leynast í notkun hennar. Þar með taldi Adorno að með gagnrýnni skynsemi væri hann að undirbúa nýja upplýsingaöld, frjálsa undan blindri valdaþrjár nútímans. Hann stefndi að upplýsingu sem var trúrri eigin markmiðum – frelsi og mannúð – en nútíminn hafði verið fram að því.

## 6. Lokaorð – Gagnrýni er bylting

Fyrir utan ásakanir um að hann hafi ekki hlýtt hefðbundnum reglum um fræðistörf og hreinleika rökfærslna, hefur Adorno helst verið sakaður um að vera óskammfeilinn elítisti og neikvæður röflari. Við fyrsta lestur er auðvelt að taka undir slíka gagnrýni, á sama hátt og auðvelt er fyrir nýgræðing að gleypa við þeirri skrípamynd sem teiknuð hefur verið af Nietzsche. Ástæðan er, að mínu mati, sú að báðir heimspekingarnir gagnrýndu ríkjandi ástand á hátt sem var dýpri og róttækari heldur en samtíðarmenn þeirra höfðu gert. Ólíkt flestum öðrum sáu þeir og voru tilbúnir að nefna hið ógnvænlega; hvernig vondar hvatir og óskynsemi liggja oft að baki því sem þykir gott í samfélaginu og að sama skapi hvernig slæmir hlutir byggja oft á svipaðri rökréttri skynsemi og við dáumst að annars staðar. Grundvallarlögmál heimspekinnar voru að mati beggja spekinganna mikilvægur hluti vandans. Af þessari ástæðu sáu bæði Adorno og Nietzsche sér þann einn kost vænan að stunda heimspeki með hamri.<sup>51</sup> Þeir voru óþreytandi í að brjóta niður múra fyrirframgefina fordóma, hvort sem þeir litu út fyrir að vera góðir eða slæmir. En hamarshöggin voru ekki framkvæmd af niðurrifsþörfinni einni saman, heldur þvert á móti af óbilandi von um betri heim; trúnni á að einungis í kjölfar niðurbrots væri hægt að byggja upp nýtt samfélag sem væri skynsamlegra en núverandi ástand. Tilraunir með ný form til að stunda heimspeki voru því ekki bara fræðilegur klunnaskapur og miskunarlaus gagnrýni á popptónlist var ekki einungis pirringur í gamaldags listasnobbara. Í gagnrýninni og formtilrauninum fólst árást á allt það sem heimspekin hafði verið og nútíminn var.

Áhersla Adornos á tengsl þekkingar og valds minnir á margan hátt á þá sýn sem póstmóðernistar aðhylltust síðar á öldinni. En Adorno er alltaf fullkomlega alvarlegur í von sinni um að slíta þessi tengsl og í trú sinni, sama hversu hæpin hún virðist, á að þannig sé hægt að búa til betri framtíð. Það sem hefur verið kallað eilíf neikvæðni Adornos felst, að mínu mati, í því að hann leyfir sér aldrei að falla í pytt bitrar kaldhæðni hins póstmóðerníska ástands. Hann gagnrýnir ekki af vonleysi heldur einmitt vegna þess að í gagnrýninni felst eina vonin. Að því leytinu til er hann óneitanlega arftaki upplýsingarinnar. Hann ræðst á núverandi ástand skynseminnar,

---

51 Orðatiltækið kemur frá Nietzsche sjálfum, sem notaði það m.a. í undirtitli bókarinnar *Ragnarökkur, eða hvernig maður stundar heimspeki með hamri (Götzen-Dämmerung oder Wie man mit dem Hammer philosophiert)* frá 1888.

með skynsemina að vopni, til þess að endurreisa skynsemina, og ræðst gegn sjálfsveruhyggju í gegnum „kraft sjálfsverunnar“,<sup>52</sup> af virðingu fyrir sjálfsverunni.

Vegna þess hversu bundin heimspeki Adornos var hlutunum sem hún fjallaði um – vegna þess að hann stundaði ekki kerfisbundna heimspeki um þá heldur leyfði hugsuninni að flæða út úr þeim – á stór hluti hennar ekki lengur við á beinan hátt. Þetta á sérstaklega við gagnrýni hans á menningariðnað þess tíma. Menningin hefur þróast á hátt sem Adorno hefði ómögulega getað órað fyrir. En það væri líka andstætt hugsun Adornos að ætla að nota neikvæða díalektík eða gagnrýna kenningu sem óbreytanlega aðferð við að skoða heiminn. Hvert viðfangsefni og hvert tímabil krefst sinnar eigin rannsóknaraðferðar. Eina lögmálið sem Adorno myndi treysta sér til að láta okkur í té væri að vera ávallt meðvituð um þá einföldun sem á sér óhjákvæmilega stað í hugsun okkar og heimspeki. Ef Adorno hafði rétt fyrir sér færumst við þeim mun fjær sannleikanum eftir því sem við verðum vissari um algildi þess sannleika sem við setjum fram. Gagnrýni á það sem álitin eru viðtekin sannindi er eina leiðin til að nálgast hinn raunverulega sannleika sem neitar að vera orðaður beint eða settur fram á afdráttarlausan hátt. Ekki fyrr en fólk hefur upplifað þennan neikvæða sannleika getur það gert sér grein fyrir hinu hugmyndafræðilega tjaldi sem byrgir því sýn og kemur í veg fyrir að það geti ímyndað sér öðruvísi heim. Heimspekileg og félagsleg bylting hanga óhjákvæmilega saman. Í huga Adornos er gagnrýnislaus byltingariðja marklaus. Einungis gagnrýnin fræði geta sáð fræjum byltingar.

---

<sup>52</sup> Adorno, *Negative Dialectics*, bls. xx.

## Heimildaskrá

Adorno, Theodor Wiesengrund. *Critical Models: Interventions and catchwords*. Ensk þýð. Henry W. Pickford. New York: Columbia University Press, 2005.

Adorno, Theodor Wiesengrund. *Jargon of Authenticity*. Ensk þýð. Knut Tarnowski og Frederic Will. New York og London: Routledge, 2003.

Adorno, Theodor Wiesengrund. *Lectures on Negative Dialectics – Fragments of a lecture course 1965/1966*. Ensk þýð, Rodney Livingstone. Cambridge: Polity Press, 2008.

Adorno, Theodor Wiesengrund. *Negative Dialectics*. Ensk þýð. E.B.Ashton. New York: Continuum, 1983.

Adorno, Theodor Wiesengrund. *The Stars Down to Earth – and other essays on the irrational in culture*. Ensk þýð. Stephen Crook. New York og London: Routledge, 2002.

Adorno, Theodor Wiesengrund og Max Horkheimer. *Dialectics of Enlightenment*. Ensk þýð. John Cumming. London: Allen Lane, 1973.

Hegel, G.W.F., *The Philosophy of Right*. Ensk þýð. T.M. Knox. New York: Oxford University Press, 1967.

Held, David. *Introduction to Critical Theory – Horkheimer to Habermas*. Berkeley: University of California Press, 1980.

Friedman, David. *The Political Philosophy of the Frankfurt School*. New York: Cornell University Press, 1981.

Jarvis, Simon. *Adorno – A Critical Introduction*. New York: Polity Press, 1998.

Marx, Karl og Friedrich Engels. *Úrvalsrit I*. Reykjavík: Heimskringla, 1986.

Morris, Michael. *An Introduction to the Philosophy of Language*. Cambridge: Cambridge University Press, 2007.

Schroyer, Trent. „Foreword“ í Theodor W. Adorno. *Jargon of Authenticity*. Ensk þýð. Knut Tarnowski og Frederic Will. New York og London: Routledge, 2003.

Sherman, David. *The Dialectics of Subjectivity: Sartre and Adorno*. New York: State University of New York Press, 2007.

Tiedeman, Rolf. „Editor’s Foreword“ í Theodor W. Adorno. *Lectures on Negative Dialectics*. Ensk þýð. Rodney Livingstone. Cambridge: Polity Press, 2008.